

Fimmtudaginn 23. október 1975.

Nr. 3/1975. **Bandalag háskólamanna f. h.**

Félags menntaskólakennara

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hdl.).

Dómarar:

Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen, Bjarni K. Bjarnason, Halsteinn Baldvinsson og Hrafn Bragason.

Kjarasamningar. Deilt um kjör menntaskólakennara.
Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 17. marz 1975.

Stefnandi málsins er Bandalag háskólamanna fyrir hönd Félags menntaskólakennara.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að 1. mgr. 11. gr. kjarasamnings milli Félags menntaskólakennara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs frá 15. maí 1974 gildi um stundakennara, er í tveim menntaskólum eða fleiri inna af hendi kennslu, sem samanlagt svarar til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi.

2. Að stefnanda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda að mati dómsins.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 55/1962 var kveðið á um samningsrétt opinberra starfsmanna um kjör sín. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga þessara tóku þau til starfsmanna, sem voru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins með föstum launum og

minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda yrði starf þeirra talið aðalstarf. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. voru nokkrir hópar opinberra starfsmanna undanskildir ákvæðum laganna. Samkvæmt lögum þessum var Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja falið að fara með sammingsrétt opinberra starfsmanna. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1973, sem tóku við af lögum nr. 55/1962, segir svo: „Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf“. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. voru nokkrir hópar opinberra starfsmanna undanskildir ákvæðum laganna. Samkvæmt 3. gr. laga þessara var Bandalagi háskólamanna veittur sammingsréttur fyrir félagsmenn aðildarfélaganna sinna, þar á meðal Félags menntaskólakennara. Ekki tókust samningar milli Bandalags háskólamanna og fjármálaráðherra á árinu 1973 um kjör þau, sem samið skyldi um samkvæmt 4. og 5. gr. laganna, og gekk málið til Kjaradóms. Kjaradómur kvað upp úrskurð sinn 15. febrúar 1974. Viðræður fóru síðan fram milli sóknaraðila og stefnda um þau önnur atriði, sem samið skyldi um samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1973. Í þeim viðræðum setti sóknaraðili fram kröfugerð, og er einn liður hennar svohljóðandi:

„Stundakennsla.

6.1. Stundakennurum skulu greidd laun eins og föstum kennurum, miðað við kennslu þeirra, sem hluta af skyldukennslu kennara í fullri stöðu. Gert er ráð fyrir að kennarar þessir skili öðrum þáttum vinnuskyldu kennara á sama hátt og fastir kennarar, enda njóti þeir allra sambærilegra kjara og fastir kennarar njóta samkv. samningi þessum og dómi Kjaradóms frá 15. febrúar 1974, svo og annarra kjaraatriða, sem eru lögbundin og varða fasta kennara og eigi eru í samningum þessum.

6.2. Fari stundakennsla fram utan dagvinnutíma, greiðist 60% álag á kaupid fyrir hverja stund í dagvinnu“.

Þann 15. maí 1974 gerðu sóknaraðili og stefndi svo með sér kjarasamning, og er 11. gr. hans svohljóðandi:

„1. mgr. Stundakennari með full kennsluréttindi, sem ráð-

inn er til kennslu, er svari til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi, taki laun sem fastráðinn væri miðað við þann hluta fullrar kennsluskyldu, sem hann innir af hendi, menntun og starfsaldur.

2. mgr. Um stundakennara, sem falla undir ákvæði 1. mgr., gilda sömu ákvæði um vinnutíma og um fastráðna kennara m. t. t. launahlutfalls skv. 1. mgr.“.

Þann 8. janúar 1975 rituðu fyrirvarsmenn sóknaraðila stefnda bréf þar sem þess var krafizt, að stundakennarar með full kennsluréttindi, sem kenna meira en hálfra kennslu við skóla, sem félagið semur fyrir, taki laun sem fastráðnir kennarar miðað við þann hluta kennsluskyldu, sem þeir inna af hendi. Kemur fram í bréfinu, að krafa þessi sé byggð á 11. gr. kjarasamningsins frá 15. maí 1974 og hafi áður verið búið að reifa hana við fyrirvarsmenn stefnda. Kemur og fram í bréfinu, að taka hefði átt fram sérstaklega, ef kennarar, sem þannig er ástatt um, skyldu kenna við einn og sama skólann. Er jafnframt bent á það, að viðtæk samvinna sé með öllum menntaskólum. Með bréfi fjármálaráðuneytisins hinn 6. marz 1975 var þessari kröfu sóknaraðila hafnað, þar sem ráðuneytið taldi, „að kennari þurfi að vera ráðinn til kennslu, sem svari a. m. k. til hálftrar kennsluskyldu við einn og sama skóla til að ná launum sem fastráðinn væri“. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1973 hafi sóknaraðili fengið samningsrétt um kjör stundakennara, sem hafi stundakennslu að aðalstarfi. Með ákvæði 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og stefnda frá 15. maí 1974 hafi verið samið um það, að stundakennarar með full kennsluréttindi, sem ráðnir séu til kennslu, sem svari til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi, taki laun sem fastráðnir séu miðað við þann hluta fullrar kennsluskyldu, sem þeir inna af hendi, menntun og starfsaldur. Ekki sé nokkur fyrirvari um það, að stundakennarar þurfi að fullnægja hálfri kennsluskyldu kennara í fullu starfi í einum og sama menntaskóla til þess að ákvæðið nái til þeirra. Því taki ákvæði 1. mgr. 11. gr. einnig til þeirra stundakennara, sem kenna við tvo eða fleiri menntaskóla, ef

samanlagður kennslustundafjöldi þeirra nái hálfri kennsluskyldu kennara í fullu starfi og taki samningsréttur sóknaraðila því einnig til þeirra. Er því haldið fram, að óeðlilegt sé, að stundakennari, sem kennir samanlagt svo margar kennslustundir við tvo eða fleiri menntaskóla, að fullnægt sé kennsluskyldu kennara í fullu starfi, hafi mikið lakari kjör en stundakennari, sem kennir sama kennslustundafjölda í einum menntaskóla, en laun fyrrnefnda kennarans séu ákveðin einhliða af ríkisvaldinu.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að á gildistíma laga nr. 55/1962 hafi verið litið svo á, að til þess að falla undir ákvæði laganna, yrði starfsmaður að inna af hendi a. m. k. hálfra venjulega vinnuskyldu manns í fullu starfi, til þess að skilyrðinu um aðalstarf væri fullnægt, svo og að hann væri ráðinn til þessa starfs af aðila, sem væri fær að ráðstafa fé ríkissjóðs til að greiða honum laun fyrir þetta hálfra starf. Aldrei hafi komið til ágreinings við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja út af þessari framkvæmd laganna. Hafi aldrei komið til álita, að starfsmaður, sem fullnægði hálfri vinnuskyldu manns í fullu starfi með samanlögðum starfstíma hjá fleiri stofnunum en einni, félli undir ákvæði laganna. Er því haldið fram, að ekki verði ráðið af lögum nr. 46/1973 að breyta hafi átt framangreindum skilningi á ákvæðum 1. gr. laga nr. 55/1962. Eftir sem áður standi það skilyrði, að starf manns í þágu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins verði að vera aðalstarf, til þess að ákvæði laganna taki til hans. Þótt sú breyting hafi nú orðið, að starfsmenn, er taka tíma- og vikulaun, falli undir lögin, þá hafi það ekki í för með sér, að heimilt sé að tína saman vinnustundir hjá mörgum ríkisstofnunum, til þess að skilyrðinu um aðalstarf sé fullnægt. Sú hugsun hafi verið svo víðsfjarri fyrirsvarmönnum ríkisins, að ekki hafi þótt nauðsynlegt að taka af allan vafa með setningu reglugerðar, svo sem heimilt sé samkvæmt 1. gr. laganna. Þá er og á það bent, að menntaskólar landsins séu hvar um sig stofnun í skilningi fjárlaga og sjálfstæður vinnuveitandi. Ráðning starfsmanna að skólunum sé í höndum menntamálaráðuneytisins, þegar um sé að ræða setningu eða skipun í stöðu, en stundakennara ráði hins vegar

rektor eða skólameistari viðkomandi skóla. Yfirmenn menntaskólanna geri fjárlagatillögur hver fyrir sinn skóla, en til þess að tillögurnar séu raunhæfar verði forsendur að vera þekktar. Því verði yfirmenn skólanna að vita, hvort þeir ráði stundakennara, sem njóti kjara samkvæmt 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og stefnda. Verði sjónarmið stefnanda í máli þessu viðurkennt, þá geti það verið komið undir samningum stundakennara við aðra aðila, jafnvel á miðjum vetri, hvaða laun eigi að greiða stundakennara við menntaskóla. Er á það bent í þessu sambandi, að samkvæmt 8. mgr. 1. gr. kjarasamnings sóknaraðila og stefnda sé gert ráð fyrir því, að félagar Félags menntaskólakennara kenni í öðrum framhaldsskólum en menntaskólum. Er því haldið fram af hálfu stefnda samkvæmt þessu, að til þess að fullnægt sé ákvæði 1. gr. laga nr. 46/1973 verði menntaskólakennari að inna af hendi kennsluskyldu við einn og sama menntaskóla, sem svarar til hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi. Þá er sýknukrafa stefnda einnig byggð á því, að stundakennari, sem við einn og sama menntaskóla innir af hendi hálfra kennsluskyldu kennara í fullu starfi, vinni fleiri vinnustundir en sá stundakennari, sem kennir sama fjölda kennslustunda við fleiri menntaskóla, enda þurfi sá fyrri að sinna fleiri störfum en kennslu, sbr. 2. mgr. 11. gr., sbr. 4. gr., kjarasamnings sóknaraðila og stefnda, en þau störf sleppi hinn síðargreindi við og skili hann í raun ekki jafnmörgum vinnustundum og hinn fyrrnefndi. Því sé eðlilegt að nokkur munur sé á launum þeirra.

Af hálfu aðilja hefur verið aflað umsagna rektors Menntaskólans í Reykjavík, Jóns Böðvarssonar f. h. Menntaskólans við Hamrahlíð, rektors Menntaskólans við Tjörnina og skólameistara Menntaskólans í Kópavogi um störf stundakennara, sem ráðnir eru samkvæmt auglýstum stundakennarataxta.

Þrátt fyrir breytingu þá, sem gerð var með ákvæði 1. gr. laga nr. 46/1973, er það eftir sem áður skilyrði, að starfsmaður þurfi að hafa starf í þágu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins að aðalstarfi til að ákvæði laganna taki til hans. Ekki kemur fram í lögnum sjálfum nánari skilgreining á því hvað teljist aðalstarf.

Af 13. og 14. gr. laga nr. 12/1970 um menntaskóla kemur fram sú aðalregla, að hver fastráðinn menntaskólakennari skuli skipaður til starfa við hvern menntaskóla um sig. Þegar þetta er virt svo og ákvæði 4. gr. kjarasamnings sóknaraðila og stefnda um vinnutíma menntaskólakennara, þar á meðal viðverutíma, þá þykir verða að skýra ákvæði 1. mgr. 11. gr. kjarasamningsins á þann veg, að til þess að stundakennari fullnægi skilyrðum um kennslu, er svari til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi, þá þurfi hann að inna hana af hendi við einn menntaskóla. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen og Hafsteinn Baldvinsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags háskólamanna f. h. Félags menntaskólakennara, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar.

Með lögum nr. 46/1973 var Bandalagi háskólamanna veittur samningsréttur fyrir aðildarfélög sín. Áður hafði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja farið með þennan samningsrétt, enda þótt aðildarfélög Bandalags háskólamanna, þar á meðal Félag menntaskólakennara, hefði ekki í mörg ár verið aðili að því bandalagi eða viðurkennt samningsrétt þess. Þá varð með lögnum sú breyting, að í stað þess að bandalag semji um öll kjör, gera bandalögin nú rammásamning, svokallaðan aðalkjarasamning, en aðildarfélögin sjálf sjá um gerð sérkjarasamnings. Þar er aðalkjarasamningurinn frekar útfylltur í samræmi við sérþarfir viðkomandi félags. Enn var sú breyting gerð með lögnum nr. 46/1973, að þeir félags-

menn, sem í daglegu tali eru nefndir lausráðnir, falla undir ákvæði laganna. Áður samdi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ekki fyrir þá, sem höfðu minna en þriggja mánaða uppsagnarfrest. Sá varnagli er þó sleginn, að telja verður starf þess lausráðna aðalstarf hans.

Þegar horft er til þessara gagngeru breytinga á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, verður skilningur Fjármálaráðuneytisins á því, hvað sé aðalstarf í skilningi eldri laga, ekki talinn hafa hér þýðingu, enda samningsaðili annar. Ákvæði þau, sem hér valda ágreiningi, koma fram í 11. grein sérkjarasamnings Félags menntaskólakennara við fjármálaráðherra. Ákvæðið hljóðar svo:

„1. mgr. Stundakennari með full kennsluréttindi, sem ráðinn er til kennslu, er svari til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi, taki laun sem fastráðinn væri miðað við þann hluta fullrar kennsluskyldu, sem hann innir af hendi, menntun og starfsaldur.

2. mgr. Um stundakennara, sem falla undir ákvæði 1. mgr., gilda sömu ákvæði um vinnutíma og um fastráðna kennara m. t. t. launahlutfalls skv. 1. mgr.“.

Eins og ákvæði þetta er orðað, þykir það með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 46/1973 ekki verða skilið öðru vísi en svo, að með því hafi samningsaðiljar samið um það, hver skilgreining orðsins aðalstarf í lagaákvæðinu skuli gilda þeirra í milli. Samningsákvæðið kveður ekki á um það, að stundakennari, sem undir það fellur, þurfi að inna alla kennsluskyldu sína af hendi við sama skóla. Ákvæði laga um menntaskóla, sem víkja að starfsmannaráðningum, þykja ekki verða þannig skilin, að nauðsynlegt sé að ráða kennara aðeins til eins skóla og upplýst er, að dæmi er um hið gagnstæða. Þegar af ofangreindum ástæðum þykir bresta öll rök fyrir því að gera mun á stundakennurum, sem ráðnir eru til meira en hálftrar kennslu, eftir því, hvort þeir inna hana af hendi við einn og sama menntaskóla eða fleiri. Taka ber því kröfu Félags menntaskólakennara til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Viðurkennt er, að 1. mgr. 11. gr. kjarasamnings milli Félags menntaskólakennara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs frá 15. maí 1974 gildir um stundakennara, sem í tveimur menntaskólum eða fleiri inna af hendi kennslu, sem samanlagt svarar til a. m. k. hálftrar kennsluskyldu kennara í fullu starfi.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði Félagi menntaskólakennara kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1975.

Nr. 5/1975. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h.**

Braga Guðmundssonar,

Gissurar Inga Geirssonar,

Guðgeirs Ólasonar,

Guðmars Ragnarssonar,

Kristófers Þorvarðarsonar og

Magnúsar Guðmundssonar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hdl.).

D ó m a r a r :

Guðmundur Jónsson, Sigurður Lindal, Bjarni K. Bjarnason,
Bjarni Sigurðsson og Hafsteinn Baldvinsson.

Agreiningur um réttarstöðu landpósta.

D ó m u r .

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 12. maí 1975.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja